

Ár 1985, mánudaginn 3.júní, var í málinu nr 1/1985 kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :


Í máli þessu er ágreiningur um álagningu fasteignaskatts á landspildu úr jörðinni Reynisvatni. Spilda þessi er talin 18.200 m² og er í eigu kæranda, Helga Kristbjarnarsonar. Hann telur, að fasteignaskatt beri að leggja á samkvæmt a-lið 3.gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, eins og nánar er rökstutt í bréfi hans, dags.15.apríl 1985.

Af gögnum málsins verður ráðið, að Reykjavíkurborg telji, að skattleggja beri umrædda fasteign á grundvelli b-liðar 3.gr. laga nr. 73/1980.

Um er að ræða land, sem ekki er nýtt í þágu landbúnaðar, og ekki hefur heldur verið reist á því íbúðarhús. Samkvæmt því verður fasteignin eigi talin falla undir a-lið 3.gr. laga nr. 73/1980 og ber þess vegna að leggja fasteignaskatt á hana á grundvelli b-liðar sömu lagagreinar.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :


Ofangreind fasteign skal skattlögð á grundvelli b-liðar 3.gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga.



Gaukur Jörundsson



Pétur Stefánsson



Guðmundur Magnússon